



Kópavogi, 15. maí 2025
2209345/211.00 RH

Efni: Svar fyrir fyrirspurn um skipulag ísat kennslu

Á fundi menntaráðs þann 5. nóvember 2024 fól ráðið menntasviði að upplýsa um allar aðgerðir sem unnið er að nú þegar og leggja fram tillögur um frekari aðgerðir til að efla stuðning við nemendur með annað móðurmál en íslensku. Einnig var óskað eftir upplýsingum um eftirfarandi:

- Skipulag á stuðningi við fjöltyngda nemendur og nemendur með íslensku sem annað mál í hverjum skóla fyrir sig, þ.e. fjöldi kennslustunda á viku
- Hver sinnir ÍSAT kennslu
- Hvar fer stuðningurinn og kennslan fram?
- Hver er fjöldi nemenda sem fær stuðning og á hvaða formi?

Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um nýtingu fjármagns til Kópavogsbæjar úr jöfnunarsjóði vegna nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

Staðan í dag

Menntasvið vísar til ársskýrslu grunnskóladeildar, *Stuðningur við nemendur með annað móðurmál en íslensku*, sem lögð var fram á sama fundi menntaráðs. Þar má finna upplýsingar um stuðning til skóla vegna nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Þar kemur meðal annars fram að skólar fá stuðning og ráðgjöf frá sérfræðingum á grunnskóladeild varðandi móttöku nemenda, fyrirlögn á stöðuprófum og ráðgjöf varðandi skipulag kennslu í skólanum, jafnt sem ráðgjöf varðandi einstaka nemendur. Stofnað hefur verið lærdómssamfélag ísat-kennara og á hverju ári er boðið upp á fræðslu fyrir ísat-kennara jafnt sem aðra kennara í skólanum.

Í aðalnámskrá hefur verið sett fram viðmiðunarstundarskrá og viðmið um hæfni í íslensku fyrir nemendur sem læra íslensku sem annað mál. Úthlutunarreglur Kópavogsbæjar til þeirrar kennslu styðja við hvoru tveggja. Einnig er úthlutað tímum til umsjónar og utanumhalds s.s. vegna skipulag kennslu, til að styðja nemendur í námi sem búið hafa fjögur ár eða lengur á landinu og vegna fyrirlagnar *Milli mála prófs* og *Stöðumats*

Úthlutun til skóla vegna ísat nemenda er tvískipt, annars vegar úthlutun á grundvelli kafla 19.3, Íslenska sem annað tungumál í Aðalnámskrá grunnskóla og viðmiðunarstundaskrár sem gefin var út af menntamálastofnun 2022. Hins vegar úthlutun sem byggir á fjölda ísat-nemenda sem er ætluð til móttöku ísat-nemenda, námsmats ísat-nemenda, skipulags kennslunnar og ráðgjafar til kennara.

Úthlutunarreglur:

1. Úthlutun til íslenskukennslu nemenda sem búið hafa 4 ár eða skemur á landinu og byggir á viðmiðunarstundarskrá:



- Nemendur skulu fá kennslu í íslensku sem öðru tungumál í samræmi við viðmiðunarstundaskrá, hver skóli fær úthlutað í samræmi við fjölda nemenda á hverju aldurstigi og getustigi miðað við hæfniramma um íslensku sem annað tungumál í Aðalnámskrá grunnskóla.
 - Ekki er um einstaklingskennslu að ræða nema í undantekningar tilfellum. Því skal miða úthlutun við hópastærð sem hér segir. Nemendur á forstigi og 1. stigi skulu vera 5 eða færri í hópi og nemendur á 2. og 3. stigi skulu vera 7 eða færri í hópi.
2. Úthlutun til skóla vegna móttöku ísat-nemenda, námsmats ísat-nemenda, skipulags kennslunnar og ráðgjafar til kennara:
- Þegar úthlutun til ísat kennslu á grundvelli viðmiðunarstundaskrár er lokið fær hver skóli úthlutun í samræmi við fjölda ísat-nemenda af því fjármagni sem afgangur er til ráðstöfunar..

Auk þess var óskað eftir upplýsingum um skipulag á ísat-kennslu í grunnskólunum og ráðstöfun fjármagns í málaflokknum. Sendir voru út spurningarlistar/eyðublað til allra skóla. Niðurstöður úr svörum skólanna birtast í fylgiskjali. Þar kemur jafnframt fram ráðstöfun kennslutímamagns sem um leið er þá ráðstöfun fjármagns í hverjum skóla. Taflan að neðan sýnir dreifingu kennslustunda á skóla:

	Fjöldi ÍSAT nemenda	Fjöldi ÍSAT nemenda skemur en 4 ár	Fjöldi ÍSAT nemenda lengur en 4 ár	Kest. úthl. á nem skemur en 4 ár.	Úthlutun kest. á viku vegna umsjónar og utanumhalds (0,2 kest miðað við heildarfjölda)	Samtals kest.:
Álfhólsskóli	179	58	121	99	35,8	134,8
Barnaskóli Kársnes	33	11	22	20	6,6	26,6
Hörðuvallaskóli	66	23	43	65,8	13,2	79
Kársnesskóli	64	14	50	38	12,8	50,8
Kópavogsskóli	83	50	33	87	16,6	103,6
Kóraskóli	17	11	6	16	3,4	19,4
Lindaskóli	60	27	33	44	12	56
Salaskóli	42	11	31	30	8,4	38,4
Smáraskóli	99	20	79	40	19,8	59,8
Snælandsskóli	103	11	92	35	20,6	55,6
Vatnsendaskóli	47	18	29	35	9,4	44,4
	793	254	539	509,8	158,6	668,4



Fjármagn frá Jöfnunarsjóði fyrir skólaárið 2024 – 2025 var 141.190.596 kr. Kópavogsbær úthlutar á síðasta ári 668 kennslustundum til skóla sem nemur rúmum 300.000.000 kr.

Allir skólar leggja fyrir *Milli mála próf* í 1., 4., 7. og 9. bekk. Grunnskóladeild kallar eftir niðurstöðum og rýnir almennt fyrir Kópavog og með einstaka skólum. Niðurstöður hafa verið kynntar menntaráði og þær má finna í fyrrgreindri skýrslu.

Velkomin verkefnið sem hefur það að markmiði að virkja og valdefla börn, unglinga og ungmenni með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn og hjálpa til við inngildingu þeirra inn í skóla-, íþrótt-, afþreyingar- og frístundastarf. Frekari lýsingu má finna í skýrslu um *Stuðningur við nemendur með annað móðurmál en íslensku 2023 -2024*

Næstu skref

Eftirfarandi verkefni eru fyrirhuguð til að efla enn frekar stuðning við nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn:

- Starf verkefnastjóra í málefnum nemenda með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn var endurskipulag. Hann vinnur þvert á grunnskóla-, leikskóla-, og frístundadeild og mun leiða enn frekari þróun í málaflokknum.
- Tryggja þarf betur inngildingu fjölskyldna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í samfélagið. Leita þarf öflugs samstarfs við velferðasvið ef vel á að takast til, verkefnastjóri mun hefja þá vegferð.
- Þær úthlutunarreglur sem nú eru í gildi og voru samþykktar 2023 og komu til framkvæmdar skólaárið 2023 – 2024, kölluðu á breytingar á kennslufyrirkomulagi í skólum. Skólar hafa fengið stuðning og ráðgjöf við þá vinnu og fylgst er með framkvæmd í hverjum skóla. Fyrirkomuleg í hverjum skóla verður tekið út á næsta skólaári og á grundvelli þeirrar úttektar verða teknar ákvarðanir um úrbætur ef á þarf að halda, til að úthlutun, stuðningur og ráðgjöf nýtist markvisst.
- Verið er að rýna framsetningu upplýsinga til foreldra og leita leiða til að setja þær fram á fjölbreyttari hátt.
- Skoðað verður hvort og hvernig er hægt að styðja nemendur við heimanám m.a. verður leitað samstarfs við Bókasafn Kópavogs.
- Samtal og samstarf við leikskólastigið er mikilvægt og er nú þegar hafið. Leikskólastigið hefur hafið innleiðingu á hæfniramma samkvæmt aðalnámskrá leikskóla sem mun nýtast til skipulagningar á kennslu þegar nemendur hefja grunnskólagöngu. Fyrirhuguð eru námskeið og handleiðsla fyrir kennara á yngsta stigi.

Stöðugt þarf að vera á verði varðandi inngildingu nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í skólasamfélagið, fylgjast með þróun og rannsóknunum og bregðast við í samræmi við nýja þekkingu og reynslu.

Virðingarfyllt,

Ragnheiður Hermannsdóttir
Deildastjóri grunnskóladeildar